



HRUNAMANNAHREPPUR

33. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 14. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 12. NÓVEMBER 2020

KL. 14.00 Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Árið 2020, þann 12. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Huppusal í Félagsheimilinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, skipan fulltrúa á aðalfund Bergisans bs. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Covid-19: Staða, horfur og viðbrögð.**

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, stöðuskýrsla frá Félagsmálaráðuneytinu um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19, upplýsingar um staðgreiðslutölur, atvinnuleysistöður, tilkynningar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um fresti vegna fjárhagsáætlana og heimildir til fjarfunda o.fl. vegna Covid-19. Oddviti og sveitarstjóri fóru almennt yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi, áhrifin á samfélagið og verkefni næstu vikna og mánaða í því sambandi.
- 2. Reiðhöllin Flúðum: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti beiðni um samstarfssamning og styrk vegna reksturs Reiðhallarinnar á Flúðum ehf. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við stjórn Reiðhallarinnar um gerð samstarfssamnings. Halldóra vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
- 3. Vegagerðin: Girðingar á vegum opinberra aðila.**

Oddviti kynnti beiðni Vegagerðarinnar um upplýsingar um girðingar sem sveitarfélagið hefur á sýnu forræði og kostnaði við þær í þeim tilgangi að stuðla að umbótum og hagræðingu vegna girðinga á vegum opinberra aðila. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu.
- 4. Herbert Hauksson: Áskorun til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna miðhálandisþjóðgarðs.**

Oddviti kynnti bréf frá Herberti Haukssyni þar sem hann skorar á sveitarstjórn að mótmæla fyrirhuguðum miðhálandisþjóðgarði. Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og mun gefa umsögn um málið ef fyrirhugað frumvarp um miðhálandisþjóðgarð verður lagt fram.
- 5. Markaðsstofa Suðurlands: Endurnýjun samstarfssamnings.**

Oddviti kynnti ósk frá Markaðsstofu Suðurlands um endurnýjun á samstarfssamningi til þriggja ára en farið er fram á kr. 430 á hvern íbúa árlega. Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja samstarfssamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
- 6. Baráttuhópur smærri fyrirtækja, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu: Yfirlýsing**

Oddviti kynnti erindi frá baráttuhópi smærri fyrirtækja, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu um aðgerðir vegna áhrifa Covid-19 .
- 7. Soroptimistaklúbbur Suðurlands: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti beiðni frá Soroptimistaklúbb Suðurlands um styrk vegna reksturs Sigurhæða. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja samtökin um kr. 50.000 í stofnstyrk. Styrkurinn bókast á lið 0281.

8. **Sjóðurinn góði: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti kynnti beiðni um styrk vegna reksturs Sjóðsins góða sem er samstarfsverkefni félagssamtaka á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja sjóðinn um kr. 50.000. Styrkurinn bókast á lið 0281.
9. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.
10. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjarskipti.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um fjarskipti.
11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu).
12. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar (hækkun lífeyris).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um almannatryggingar (hækkun lífeyris).
13. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar upplýsingamiðlun um heimilisofbeldi.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar upplýsingarmiðlun um heimilisofbeldi.
14. **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis.
15. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum.
16. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
17. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórnarsýslu jafnréttismála.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um stjórnarsýslu jafnréttismála.
18. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði (breytt kynskráning).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði (breytt kynskráning).
19. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar.
20. **Þjóðskjalasafn Íslands: Umsagnarbeiðni um drög að reglum um eyðingu námsmatsgagna afhendingarskyldra aðila.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Þjóðskjalasafni Íslands um drög að reglum um eyðingu námsmatsgagna afhendingarskyldra aðila.
21. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 10. desember nk. kl. 14.00.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. Ungmennaráð Hrunamannahrepps 2020-2021. Fundargerð 1. fundar frá 29. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar ungmennaráðs frá 29. október s.l. Farið var yfir starf ungmennaráðsins og ráðið skipti með sér verkum. Farið yfir punkta vegna fjárhagsáætlunargerðar næsta árs, rætt um afþreyingu eftir skóla og jafningjafræðslu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

23. Fundargerð 204. fundar skipulagsnefndar frá 28. október og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 21. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 204. fundar skipulagsnefndar frá 28. október s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 29. Brúarhlöð: Deiliskipulag, skipulagslýsing.

Lögð var fram umsókn ásamt skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag að Brúarhlöðum í landi Haukhólts í Hrunamannahreppi. Í skipulagslýsingu felst lýsing á deiliskipulagstillögu fyrir uppbyggingu ferðamannaaðstöðu innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. október s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 21. október.

24. Fundargerð 205. fundar skipulagsnefndar frá 11. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 4. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 205. fundar skipulagsnefndar frá 11. nóvember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 17. Syðra-Langholt 4: Byggingarleyfi, vélageymsla.

Lögð var fram umsókn Helga Kjartanssonar fyrir hönd Bholt fasteignir ehf., móttækin 29.10.2020 um byggingarleyfi til að byggja vélageymslu 420 m² á jörðinni Syðra-Langholt 4 (L166821) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Komi til frekari framkvæmda innan jarðarinnar mælist nefndin til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Komi til frekari framkvæmda innan jarðarinnar mælist nefndin til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. nóvember s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 4. nóvember.

25. Bergisinn bs. Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 12. október s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnarfundar Bergisans bs frá 12. október s.l. til kynningar.

26. NOS: Fundargerð frá 2. október s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar NOS frá 2. október. Þar var m.a. farið yfir fjárhagsáætlun 2021, erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands, erindi frá Félags- og barnamálaráðherra vegna styrkveitinga til íþrótt- og félagsstarfs, samningsdrög við Rannsóknir og Greiningu ehf, úttekt á starfsemi, fyrirkomulag un endurnýjun samþykkt, aðalfund og launakjör forstöðumanns. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

27. NOS: Fundargerð frá 7. október s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar NOS frá 7. október s.l. Þar var farið yfir fjárhagsáætlun 2021, dagskrá aðalfundar 2020 og vinnutíma starfsfólks. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál.

28. Bergisinn bs. Skipun fulltrúa á aðalfund.

Oddviti kynnti erindi um skipun fulltrúa á aðalfund Bergisans bs. sem fram fer í fjárfundi miðvikudaginn 25. nóvember n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Halldóru Hjörleifsdóttur, Bjarneyju Vignisdóttur og Jón G. Valgeirsson sem aðalmenn og til vara Kolbrúnu Haraldsdóttur, Sigurð Sigurjónsson og Jón Bjarnason sem varamenn.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Almannaþingir Árnessýslu: Fundargerð framkvæmdaráðs frá 28. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Byggðarsafn Árneseinga: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 5. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Tónlistarskóli Árneseinga. Fundargerð 197. fundar stjórnar frá 6. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. SASS: Fundargerð 562. fundar stjórnar frá 2. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. BÁ: Fundargerð 8. fundar stjórnar frá 5. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. BÁ: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 25. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. BÁ: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 29. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

h. BÁ: Fundargerð 12. fundar stjórnar frá 8. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

i. Listasafn Árneseinga: Fundargerð stjórnarfundar frá 24. apríl 2020.

Lagt fram til kynningar.

j. Listasafn Árneseinga: Fundargerð stjórnarfundar frá 24. september 2020.

Lagt fram til kynningar.

k. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 207. fundar stjórnar frá 25. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

l. Landvernd: Vindorka.

Lagt fram til kynningar.

m. Héraðssamband Skarphéðins: Spurningalisti.

Lagt fram til kynningar.

n. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Minniblað vegna verkefna í vinnslu.

Lagt fram til kynningar.

o. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Minningardagur fórnarlamba umferðarslysa.

Lagt fram til kynningar.

p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Rafræn árbók 2020.

Lagt fram til kynningar.

q. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 42. fundar stjórnar frá 4. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 887. fundar stjórnar frá 25. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 888. fundar stjórnar frá 29. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 889. fundar stjórnar frá 16. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 890. fundar stjórnar frá 30. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- v. EBÍ: Ágóðahlutagreiðsla 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- w. Efla: Fundargerðir vegna hringtorgs á Flúðum, frá 23. júní, 31. ágúst og 1. október.**
Lagt fram til kynningar.
- x. Heilsueflandi Samfélag: Samstarf við heilsugæsluna í Laugarási.**
Lagt fram til kynningar.
- y. Bláskógabyggð: Afgreiðsla erindis vegna hjúkrunarheimilis.**
Lagt fram til kynningar.
- z. SASS: Skýrsla um kolefnispor Suðurlands.**
Lagt fram til kynningar.
- aa. Ný brú á Stóru-Laxá: Minnispunktar.**
Lagt fram til kynningar.
- bb. BHM: Stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- cc. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. des. n.k. með fjarfundi.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00.